

HÚSÖNDIN

1.tbl. 4.árg.
12. janúar 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 13. - 19. JANÚAR

14.1. Stefán Jakobsson, Einar Már Haraldsson

15.1. Kristinn Björn Haraldsson

16.1. Loana Mitu

17.1. Eyþór Pétursson, Sýlvía Ósk Sigurðardóttir

52. fundur sveitarstjórnar
verður haldinn í Skjólbrekku, 13. janúar 2021
og hefst kl. 09:15



Dagskrá:

1. 2009018 - Stytting vinnuviku
2. 2008030 - Hótel Gígur - Gestastofa og Nýsköpunarklasi
3. 1810020 - Skútustaðahreppur- Gerð deiliskipulags fyrir Höfða
4. 2012014 - Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning
5. 2012015 - Áskorun frá Markaðsstofu Norðurlands um stuðning við skíðasvæði
6. 2101002 - Stafræn þróun sveitarfélaga
7. 2101010 - Grænbók um byggðamál
8. 1611024 - Skýrsla sveitarstjóra
9. 1809010 - Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir

Auglýsing vegna framboða í Norðausturkjördæmi

Kjörstjórn Framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi auglýsir eftir framboðum í sex efstu sætin á framboðslista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar 25. september 2021.



Framsókn

Þeir flokksmenn sem hafa hug á því að bjóða sig fram í póstkosningu skulu senda kjörstjórn skriflega kynningu þar sem frambjóðendur kynna sig og gera grein fyrir helstu baráttumálum sínum í ekki meira en 400 orðum auk þess að tilgreina hvaða sæti á lista óskað er eftir. Kynningunni skal fylgja ljósmynd.

Með framboðskynningu skal frambjóðandi skila inn meðmælendalista með að lágmarki 10 og að hámarki með 20 flokksbundnum framsóknarmönnum.

Póstkosningin fer fram frá 1. til 31. mars nk. Sjá reglur á vef Framsóknar. Framboðsfrestur er til kl. 12.00 á hádegi sunnudaginn 14. febrúar nk.

Framboðum skal skilað á netfangið: bjorn@ein.is

Kjörstjórn Framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi

Zumba verður á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur kl. 17:30

Næsta Zumba er 14.jan!

Zumba will be on Tuesdays and Thursdays this winter at 17:30

Next Zumba 14.jan!

Valérija Kiškurno

+354 863 4436



ZUMBA

Leirmótun

Listasmiðjan á Laugum

Þátttakendur læra helstu grunnaðferðir í mótun leirs. Við vinnum með höndunum og styðjumst við helstu aðferðir sem eru notaðar við að byggja upp viðfangsefnið, t.d. pylsutækni og plötutækni.

Á verkstæðinu eru líka til gífsmót sem hægt er að byggja upp skálar af ýmsum stærðum.

Farið er í gegnum eðli leirsins og hvernig ferlið er frá mótun til brennslu og glerjunar.

Námskeiðið er einstaklingsmiðað þannig að þátttakendur byrja þar sem þeir eru staddir og eru hvattir til að koma með hugmyndir að verkefnum sem við í sameiningu finnum farveg fyrir.

Unnið er með steinleir, hann glerjaður eða notaðir sérstakir leirlitir sem henta vel til skreytingar.

Námskeiðsdagar: Lau 6/2, 20/2, 6/3 og 20/3 kl. 9-12.

**Allt efni innifalið, 5 kg steinleir, leirlitir,
glerungar og brennsla.**

**Skráning og nánari upplýsingar hjá kennara;
anitakg@gmail.com eða í s: 698-5161.**

Verð 38.000.-

Athugið með endurgreiðslu hjá ykkar stéttarfélagi, núna stendur yfir fræðsluáttak hjá mörgum Fræðslusjóðum vegna covid, þar sem hægt er að fá allt að 90% endurgreiðslu.



VEFNÁMSKEIÐ MEÐ ELÍSABETU REYNISDÓTTUR

Heildræn nálgun í næringu

Farið verður í heildræna nálgun í næringarráðgjöf og farið yfir hvernig allt skiptir máli. Hvernig næring getur valdið skaða eða virkað eins og gott lyf, hvernig líkamleg og andleg heilsa er mikilvæg til að ná jafnvægi og auka þar með lífsgæðin. Heilsulæsi og meðferðaheldni er mikilvægur þáttur til að ná að bæta lífsstílinn. Hvernig bætum við það?

Elísabet er næringarfræðingur og ráðgjafi. Hún hefur skrifað greinar í dagblöð og á doktor.is ásamt því að vera ráðgjafi í útvarpi s.s. K100 og Bylgjunni. Hefur starfað við margvísleg störf, önnur en að vera persóna bók. Í dag rekur Beta eigið fyrirtæki - Ráðgjöf Betu Reynis þar sem hún er með námskeið og fyrirlestra. Hún starfar einnig hjá Heilsuvernd. Elísabet Reynisdóttir hefur mikinn áhuga á öllu sem tengist lífsgæðum. Hún telur að með því að huga að lífsstílnum með heildrænni vinnu séu meiri líkur til að auka lífsgæðin verulega. Heildin skiptir máli; andleg og líkamleg heilsa, næring og sjálfsást eru mikilvægir þættir til að ná árangri í átt að vellíðan.

Haldíð: 21. janúar

Klukkan: 17:00-19:00

Vefnámskeið

Verð: 15.900

Skráning á hac.is eða hac@hac.is

Félagsmenn Framsýnar athugið starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt greiða námskeiðsgjaldið að fullu fyrir félagsmenn sína í Framsýn. Athugið að námskeiðin eru öllum opin og minnum við aðra en félagsmenn þessara félaga á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi.